




Count on it.

Form No. 3453-981 Rev A

Notendahandbók

SGR-13 stubbatætari

Tegundarnúmer 22619—Raðnúmer 402470001 og upp úr



Þessi vara uppfyllir allar viðeigandi evrópskar reglugerðir; frekari upplýsingar er að finna á aðskildu samræmisyfirlýsingarskjali vörunnar.

Notkun vélarinnar á skógivaxið, runnavaxið eða grasvaxið landsvæði telst brjóta í bága við almenningsauðlindalöggjöf Kaliforníu, hluta 4442 eða 4443, nema vélin sé búin neistavara, samkvæmt skilgreiningu í hluta 4442, henni sé haldið í góðu vinnuástandi eða hún hefur verið byggð, útbúin og viðhaldið þannig að komið sé í veg fyrir eldsvoða.

Meðfylgjandi notendahandbók vélarinnar inniheldur upplýsingar um Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna (EPA) og útblástursreglugerð Kaliforníu fyrir útblásturskerfi, viðhald þeirra og ábyrgð. Hægt er að panta varahluti hjá framleiðanda vélarinnar.

⚠ VIÐVÖRUN


KALIFORNÍA

Viðvörðun, tillaga 65

Vélarútblástur frá þessari vöru inniheldur efni sem Kaliforníuríki eru kunnugt um að geti valdið krabbameini og fæðingargöllum eða öðrum æxlunarskaða.

Notkun á þessari vöru getur valdið snertingu við efni sem Kaliforníuríki er kunnugt um að geti valdið krabbameini og fæðingargöllum eða öðrum æxlunarskaða.

Mikilvægt: Hægt er nálgast upplýsingar um ábyrgð, varahluti og aðrar vöruupplýsingar með því að skanna QR-kóðann á raðnúmersmörkingunni (ef hann er til staðar) með fartæki.



Mynd 1

g254494

1. Plata með gerð og raðnúmeri

Tegundarnúmer _____

Raðnúmer _____

Þessi handbók auðkennir mögulega hættu og í henni eru öryggismörkingar auðkenndar með öryggistáknum (Mynd 2), sem sýna hættu sem kann að valda alvarlegum meiðslum eða dauða ef ráðlögðum varúðarráðstöfunum er ekki fylgt.



Mynd 2

g000502

1. Öryggistákn

Þessi handbók notar 2 orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ undirstrikar almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

Efnisyfirlit

Öryggi	3
Reglur um örugga notkun	3
Öryggis- og leiðbeiningarmörkingar	5
Yfirlit yfir vöru	7
Stjórnþæki	7
Tæknilýsing	8
Tengtæki/aukabúnaður	8
Notkun	8
Fyrir gangsetningu	8
Áfylling eldsneytis	9

Inngangur

Þessi vinnuvél er gerð til að tæta og fjarlægja trjástubba og grunnit liggjandi rætur. Henni er ekki ætlað að brjóta grjót eða vinna á öðru efni en viði og jarðvegi við stubbinn.

Lesið þessar upplýsingar vandlega til að læra að stjórna og sinna réttu viðhaldi á vörunni og til að koma í veg fyrir meiðsl og skemmdir á vörunni. Eigandi ber ábyrgð á réttri og öruggri notkun vörunnar.

Hægt er að hafa samband við Toro í gegnum www.Toro.com til að nálgast upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um staðsetningu söluaðila og vöruskráningu.

Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. Mynd 1 sýnir hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörunni. Skriðið númerin í kassann hér á síðunni.

Daglegt viðhald.....	10
Vélin gangsett.....	10
Drepið á aflvélinni	11
Stubbur tættur	11
Vinnuvélinni lyft.....	12
Viðhald	13
Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir	13
Smurning	13
Vinnuvélin smurð	13
Viðhald vélar	14
Unnið við loftsíuna	14
Smurólíuvinna	15
Viðhald kertis	17
Vélarsían hreinsuð.....	18
Viðhald eldsneytiskerfis	18
Gruggskál hreinsuð	18
Viðhald hemla	19
Stöðuhemillinn stilltur.....	19
Viðhald reimar	19
Strekking reimar stillt	19
Skipt um reim.....	20
Viðhald tætara.....	21
Skipt um tönn.....	21
Þrif	22
Óhreinindi hreinsuð af vinnuvélinni	22
Geymsla	22
Bilanaleit	24

Öryggi

Hætta er á meiðslum við ranga notkun eða rangt viðhald af hendi stjórnanda eða eiganda. Til að draga úr slyshættu skal fara eftir þessum öryggisleiðbeiningum og vera ávallt vakandi fyrir öryggistákninu ([Mynd 2](#)), sem merkir **Aðgát, Viðvörðun** eða **Hætta** – öryggisleiðbeiningar. Ef ekki er farið eftir þessum leiðbeiningum er hætt á meiðslum á fólki eða dauða.

Reglur um örugga notkun

Þessi vara getur valdið aflimun. Fylgið alltaf öryggisleiðbeiningum til að koma í veg fyrir alvarleg meiðsli eða dauðaslys.

⚠ VIÐVÖRUN

Útblástur vélar inniheldur kolsýring, lyktarlausa, eitraða lofttegund sem er lífshættuleg við innöndun.

Ekki láta vélina ganga innandyrna eða í lokuðum rýmum.

Þjálfun

- Lesið *notandahandbókina* og annað lesefni til þjálfunar. Geti stjórnandi eða vélvirki ekki lesið íslensku er það á ábyrgð eiganda að útskýra innihald handbókarinnar fyrir viðkomandi.
- Lærið örugga notkun búnaðarins, stjórnþækjanna og öryggismerkinganna.
- Allir stjórnendur og vélvirkjar skulu fá þjálfun. Eigandinn ber ábyrgð á að þjálfa notendurna.
- Aldrei leyfa börnum eða óþjálfuðum einstaklingum að vinna með eða við búnaðinn. Gildandi reglur á hverjum stað kunna að setja takmörk um aldur stjórnanda.
- Eigandinn/notandinn getur komið í veg fyrir og ber ábyrgð á slysum og meiðslum sem hann sjálfur eða aðrir verða fyrir, sem og á eignatjóni.

Undirbúningur

- Klæðist viðeigandi klæðnaði, þar á meðal hönskum, hlífðargleraugum, síðum buxum, vinnuskóm með skrikvörn og heyrnarhlífum. Takið sítt hár í tagl og ekki klæðast víðum fatnaði eða hangandi skartgripum.
- Skoðið svæðið þar sem nota á búnaðinn og fjarlægjið hluti sem hann getur skotið frá sér, á borð við grjót, leikföng og víra.
- Gangið úr skugga um að kerfi fyrir nærveru stjórnanda, öryggisrofar og hlífar séu á sínum stað og virki rétt. Ekki nota vinnuvélina ef þessir hlutir virka ekki rétt.

Öryggi í kringum eldsneyti

- Sýnið sérstaka aðgát við meðhöndlun eldsneytis. Það er mjög eldfimt og eldsneytisgufur eru sprengifimar.
- Drepið í sígarettum, vindlum, pípum og öðrum kveikjuvöldum.
- Notið eingöngu samþykkt eldsneytisílát.
- Ekki fjarlægja eldsneytislokið eða fylla á eldsneytisgeyminn með vélina í gangi eða á meðan hún er heit.
- Fyllið hvorki á né tappið af eldsneyti í lokuðu rými.
- Geymið ekki vinnubílinn eða eldsneytisílát nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.
- Ef eldsneyti hellist niður skal ekki reyna að gangsetja vélina og forðast að kveikja minnsta neista þar til eldsneytisgufurnar hafa dreifst.

Vinnsla

- Sýnið árvekni á meðan unnið er á vinnubílnum. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða meiðsla eða eignatjóns.
- Látið vél aldrei ganga í lokuðu rými.
- Vinnið eingöngu í góðri lýsingu og varist holur og faldar hættur.
- Tryggið að öll drif séu í hlutlausri stöðu og setjið stöðuhemilinn á áður en vélin er gangsett. Gangsetjið vélina eingöngu frá stjórnstöð.
- Notið vinnuvélina aldrei án tryggilega festra hlífa á réttum stöðum. Tryggið að allar samlæsingar séu tengdar og stilltar og að þær virki rétt.
- Ekki má breyta stillingu gangráðs vélarinnar eða setja vélina í yfirsnúning.
- Leggið vinnuvélina á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á og drepið á vélinni áður en stjórnstöðin er yfirgefin.
- Haldið höndum og fótum fjarri hlutum sem hreyfast.
- Horfið aftur fyrir vinnuvélina og niður fyrir hana áður en bakkað er til að tryggja að leiðin sé greið.

- Notkun vinnuvélarinnar er bönnuð ef stjórnandi er þreyttur, veikur eða undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.
- Sýnið aðgát þegar vinnuvélina er sett á eða tekin af kerru eða vagni.
- Tryggið að annað fólk sé ekki innan þess svæðis sem vinnuvélina er notuð á. Stöðvið vinnuvélina ef einhver kemur inn á svæðið.
- Rykkið aldrei í stjórnstæki; notið rólega samfellda hreyfingu.
- Verið vakandi fyrir umferð þegar unnið er nærri eða farið er yfir vegi.
- Ekki snerta hluta sem kunna að vera heitir eftir notkun. Leyfið þeim að kólna áður en viðhald, stilling eða þjónusta fer fram á vinnuvélinni.
- Látið merkja fyrir niðurgröfnum leiðslum áður en byrjað er að tæta og ekki tæta inn á merktu svæðin.
- Ekki nota vinnuvélina þegar hætta er á eldingum.

Viðhald og geymsla

- Leggið vinnuvélina á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á og drepið á vélinni. Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast áður en vélina er stillt, þrífín eða gert er við hana.
- Hreinsið óhreinindi af tætará, drifum, hljóðkútum og vél til að draga úr líkum á eldsvoða. Þurrkið upp olíu- eða eldsneytisleka.
- Bíðið þar til vélina hefur kólnað áður en vinnuvélina er sett í geymslu og ekki geyma hana nærri opnum loga.
- Aldrei leyfa óþjálfuðu starfsfólki að þjónusta vinnuvélina.
- Losið þrýsting varlega úr íhlutum með uppsafnaða orku.
- Haldið höndum og fótum fjarri hlutum á hreyfingu. Ef þess er kostur skal ekki breyta neinum stillingum þegar vélina er í gangi.
- Fjarlægjið kertavíra áður en viðgerðum er sinnt.
- Haldið öllum hlutum í góðu ásigkomulagi og tryggið að vélbúnaður sé vel hertur. Skiptið um slítnar eða skemmdar merkingar.
- Tryggið herslu róa og bolta. Haldið búnaðinum í góðu ásigkomulagi.
- Aldrei eiga við öryggisbúnað.
- Gætið þess að gras, lauf og önnur óhreinindi safnist ekki upp á vinnuvélinni. Þurrkið upp olíu- eða eldsneytisleka. Bíðið þar til vinnuvélina hefur kólnað áður en hún er sett í geymslu.
- Ef vinnuvélina rekst í hlut skal setja stöðuhemilinn á, drepa á vélinni, bíða þar til allir hreyfanlegir hlutar stöðvist og skoða vinnuvélina. Framkvæmið


nauðsynlegar viðgerðir áður en vinnuvélin er sett í gang.

- Notið eingöngu varahluti frá Toro.

Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar



Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hættu er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.



decal117-4979

117-4979


1. Hætta á að flækjast, reim – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu; tryggjið að hlífar séu á sínum stað.



decal119-4693

119-4693


1. Hætta á fljúgandi hlutum – haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð frá tætaranum.



decal119-4690

119-4690


1. Viðvörðun; hætta á skurði/aflmun, tætaratennur – haldið höndum og fótum frá hlutum á hreyfingu, tryggjið að hlífar séu á sínum stað; bíðið þar til allir hlutar á hreyfingu hafa stöðvast.



decal119-4721

119-4721


1. Tengt
2. Tætaratennur
3. Aftengt, vél gengur



decal119-4692

119-4692

1. Viðvörðun – drepjið á vélinni; notið bæði handföng til að lyfta tætaranum.



130-8322

WARNING: Cancer and Reproductive Harm - www.P65Warnings.ca.gov.
For more information, please visit www.toro.com/CAProp65


CALIFORNIA SPARK ARRESTER WARNING

Operation of this equipment may create sparks that can start fires around dry vegetation. A spark arrester may be required. The operator should contact local fire agencies for laws or regulations relating to fire prevention requirements.

decal133-8056

133-8056


1. Notið eingöngu eldsneyti með minna en 10% alkóhólinnihaldi.
2. Frekari upplýsingar um eldsneyti er að finna í notandahandbókinni.
3. Ekki nota eldsneyti með yfir 10% alkóhólinnihaldi.



decal119-4701

119-4701

1. Viðvörðun – lesið notandahandbókina.
2. Viðvörðun – ekki má nota vinnuvélina nema viðkomandi hafi fengið þjálfun til þess.
3. Hætta á fljúgandi hlutum – haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð frá tætaranum.
4. Hætta á fljúgandi hlutum – notið hlífðargleraugu; tínið upp rusl áður en vinna hefst.
5. Hætta er á að klemma hendur – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu; tryggjið að hlífar séu á sínum stað.
6. Sprengihætta; hætta á raflosti – ekki grafa á svæðum þar sem niðurgrafnar veituleiðslur liggja; hafið samband við veitufyrirtæki áður en gröftur er hafinn.
7. Viðvörðun – takið lykilinn úr (ef slíkt á við) og lesið leiðbeiningarnar áður en þjónusta eða viðhald er innt af hendi.




decal132-4004

132-4004

1. Viðvörðun, skurðarhjól – stilling tannar á skurðarhjól á milli vinnulota 1) Losið róna. 2) Ýtið tönninni niður og snúið henni $\frac{1}{3}$ úr hring. 3) Herðið róna með 68 Nm átaki. 4) Haldið áfram að tæta.

Yfirlit yfir vöru



Mynd 3

g205066

- | | |
|---------------------|-------------------|
| 1. Inngjafarstöng | 8. Skurðarhjól |
| 2. Vinnustundamælir | 9. Reimarhlíf |
| 3. Loftskiljusía | 10. Handfang |
| 4. Innsog | 11. Eldsneytislok |
| 5. Eldsneytisloki | 12. Stöðuhemill |
| 6. Gruggskál | 13. Öryggisstöng |
| 7. Startari | 14. Handfang |

Stjórnþæki


Lærið á stjórnþækin ([Mynd 3](#)) áður en vélin er gangsett og unnið er á vinnuvélinni.

Öryggisstöng

Öryggisstöngin stjórnar vélinni. Togið öryggisstöngina að handfanginu þegar vélin er gangsett og notið vinnuvélina. Sleppið öryggisstönginni til að drepa á vélinni ([Mynd 3](#)).

Inngjafarstöng

Inngjafarstöngin stjórnar snúningshraða vélarinnar. Þegar stöngin er niðri, í AFTENGDRÍ stöðu, gengur vélin í lausagangi. Þetta er einnig gangsetningarstaðan. Þegar snúningshraði vélarinnar eykst, í TENGDRÍ stöðu, er miðflóttakúplingin tengd og skurðarhjólið snýst.




Mynd 4

1. Inngjafarstöng – aftengingarstaða 2. Inngjafarstöng – tengd staða

Stöðuhemill

Stöðuhemillinn kemur í veg fyrir að vinstra hjólið snúist til að vinnuvélina fari ekki af stað og til að auðvelt sé að hreyfa vinnuvélina til hliðanna þegar verið er að tæta stubb ([Mynd 5](#)).



Mynd 5

1. Stöðuhemill (á) 2. Stöðuhemill (ekki á)

Vinnustundamælir

Vinnustundamælirinn birtir fjölda vinnustunda sem skráðar hafa verið á vinnuvélinni.

Innsog


Notið innsogið ([Mynd 3](#)) til að gangsetja kalda vél. Færið innsogið í LOKAÐA stöðu áður en togað er í gangsetningarsnúruna. Þegar vélin er komin í gang skal færa innsogið í OPNA stöðu. Ekki nota innsogið ef vélin er þegar heit eða heitt er í veðri.

Gangsetningarsnúra

Togið snöggt í gangsetningarsnúruna ([Mynd 6](#)) til að setja af stað snúning í vélinni og gangsetja hana. Upplýsingar um rétta gangsetningaraðferð eru í [Vélin gangsett \(síða 10\)](#).

Eldsneytisloki

Eldsneytislokin ([Mynd 6](#)) er fyrir neðan innsogið. Færið eldsneytislokann í KVEIKTA stöðu áður en vélin er gangsett.



Mynd 6

1. Innsog
2. Eldsneytisloki
3. Gangsetningarsnúra

Tæknilýsing

Ath.: Tæknilýsingar og hönnun geta breyst án fyrirvara.

Skurðardýpt	30 cm
Lengd	193 cm
Breidd	75 cm
Hæð	107 cm
Þyngd	109 kg

Tengitæki/aukabúnaður

Úrval tengitækja og aukabúnaðar sem Toro samþykkir er í boði fyrir vinnuvélina til að auka við afkastagetu hennar. Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða dreifingaraðila Toro eða farið á www.Toro.com þar sem finna má lista yfir öll samþykkt tengitæki og aukabúnað.

Notið eingöngu varahluti og aukabúnað frá Toro til að tryggja hámarksafköst og áframhaldandi öryggisvottun vinnuvélarinnar. Varahlutir og aukabúnaður frá öðrum framleiðendum geta reynst hættulegir og notkun þeirra kann að fella ábyrgðina úr gildi.

Notkun

Ath.: Miðið vinstri og hægri hlið vinnuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

Mikilvægt: Kannið vökvastöðu og hreinsið óhreinindi af vinnuvélinni áður en vinna hefst. Tryggið að hvorki fólk né rusl sé inni á vinnusvæðinu. Einnig þarf að tryggja að vitað sé hvar veituleiðslur liggja og búið sé að merkja staðsetningu þeirra.

Fyrir gangsetningu

- Mokið jarðvegi frá og fjarlægjið steina frá stubbum sem gætu truflað vinnuna. Gangið úr skugga um að aðskotahlutir liggi ekki í jarðveginum, á borð við rafmagnssnúrur, gaddavír o.s.frv.
- Sagið eða stytitið stubbinn með vélsög.
- Lesið allar öryggismerkingar á vinnuvélinni.
- Lesið um öryggisreglugerðir og verklag við stöðvun í þessari handbók.
- Gangið úr skugga um að allar hlífar séu á sínum stað og að þær séu í góðu ásigkomulagi.
- Gangið úr skugga um að blöð og tennur séu á sínum stað og í góðu ásigkomulagi.
- Tryggið sérstaklega að málmhlutir á borð við víra, nagla o.s.frv., sem geta skotist frá vinnuvélinni og valdið meiðslum á nærstöddum eða skemmt búnaðinn, sé ekki að finna á vinnusvæðinu, skeranum og stubbum.

Áfylling eldsneytis

⚠ HÆTTA

Við sérstakar aðstæður getur eldsneyti verið sérstaklega eldfimt og mjög sprengifimt. Eldur eða sprenging af völdum eldsneytis getur valdið brunasárum og eignatjóni.

- Fyllið á eldsneytisgeyma utandyra, á opnu svæði, með kalda vél. Þurrkið upp allan eldsneytisleka.
- Aldrei fylla á eldsneytisgeyma á yfirbyggðum eftirvagni.
- Aldrei reykja við meðhöndlun eldsneytis og haldið því fjarri opnum eldi, annars er hætt á að neistaflug geti kveikt í eldsneytisgufum.
- Geymið eldsneyti í samþykktu íláti og geymið þar sem börn ná ekki til. Kaupið aldrei meira en 30 daga birgðir af eldsneyti.
- Notið vinnuvélina eingöngu með útblásturskerfið í heild sinni uppsett og í góðu ásigkomulagi.

⚠ HÆTTA

Við tiltekna aðstæður við eldsneytisáfyllingu kann stöðurafragn að mynda neista sem geta kveikt í eldsneytisgufunum. Eldur eða sprenging af völdum eldsneytis getur valdið brunasárum og eignatjóni.

- Setjið eldsneytisílát alltaf á jörðina, fjarri ökutæki, áður en áfylling hefst.
- Ekki fylla á eldsneytisílát inni í ökutæki eða á vörubíspalli eða eftirvagni þar sem gólfteppi eða pallklæðning úr plasti getur einangrað ílátið og hægt á útleiðslu stöðurafragns.
- Þegar því verður við komið skal taka búnaðinn af pallinum eða eftirvagninum og fylla á eldsneyti með hjólin á jörðinni.
- Ef þetta er ekki hægt skal fylla á búnaðinn á vörubíl eða eftirvagni með eldsneytisíláti í stað stúts á eldsneytisdælu.
- Ef nota þarf eldsneytisdælustút skal halda honum stöðugt í snertingu við brún ops eldsneytisgeymisins eða ílátsins þar til áfyllingu er lokið.

⚠ VIÐVÖRUN

Eldsneyti er hættulegt eða banvænt við inntöku. Langtímaváhrif frá gufum geta valdið alvarlegum meiðslum og veikindum.

- Forðist innöndun gufa í langan tíma.
- Haldið andlitinu frá stútnum og opi eldsneytisgeymisins.
- Haldið eldsneyti í öruggri fjarlægð frá augum og húð.

Ráðlagt eldsneyti

- Best er að nota eingöngu hreint og nýtt (ekki yfir 30 daga gamalt) blýlaust bensín með oktantölu upp á 87 eða hærri (flokkunaraðferð (R+M)/2).
- **Etanól:** Hægt er að nota bensín með allt að 10% etanóli (blýlaust bensín+etanól) eða 15% MTBE (metýltertbutýleter). Etanól og MTBE eru ekki eins. Ekki má nota bensín með 15% etanóli (E15). **Aldrei nota bensín sem inniheldur meira en 10% etanól**, svo sem E15 (15% etanólinnihald), E20 (20% etanólinnihald) eða E85 (allt að 85% etanólinnihald). Notkun bensíns sem ekki hefur verið samþykkt getur valdið neikvæðum áhrifum á afköst og/eða skemmdum á vél sem ekki falla undir ábyrgð.
- **Ekki** nota bensín sem inniheldur metanól.
- **Ekki** geyma bensín í eldsneytisgeyminum eða eldsneytisílátum yfir vetrartímann nema notað sé varðveisluefni fyrir eldsneyti.
- **Ekki** blanda olíu saman við bensín.

Notkun varðveisluefnis/bætiefnis

Notið ávallt varðveisluefni/bætiefni fyrir eldsneyti á vinnuvélina til að halda eldsneytinu fersku lengur þegar það er notað samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda eldsneytisvarðveisluefnisins.


Mikilvægt: Ekki nota íblöndunarefni í eldsneyti sem innihalda metanól eða etanól.

Bætið varðveisluefni/bætiefni í nýtt eldsneyti í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnisins.

Áfylling á eldsneytisgeyminn

1. Leggið vinnuvélina á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á aflvélinni og bíðið þar til vélin hefur kólnað.

3. Hreinsið svæðið í kringum eldsneytislokið og fjarlægið það ([Mynd 7](#)).



Mynd 7

1. Eldsneytislok

4. Fyllið eldsneytisgeyminn þar til eldsneytið er um 6 til 13 mm frá neðri brún áfyllingarstútsins.

Mikilvægt: Þetta býður upp á útpenslurými fyrir eldsneytið. Stútfyllið aldrei eldsneytisgeyminn.


5. Festið eldsneytislokið tryggilega á.
6. Þurrkið upp eldsneyti sem hellist niður.

Daglegt viðhald

Fara skal í gegnum ferli fyrir hverja notkun/daglegt ferli sem lýst er í [Viðhald \(síða 13\)](#) áður en unnið er á vinnuvélinni í upphafi hvers dags.

Vélin gangsett

1. Færið eldsneytislokann í OPNA stöðu, alveg til hægri ([Mynd 8](#)).



Mynd 8

1. Innsog
2. Eldsneytisloki
3. Gangsetningarsnúra

2. Færið innsogið í KVEIKTA stöðu ([Mynd 8](#)).

Ath.: Hugsanlega þarf ekki að nota innsog á volga eða heita vél.


3. Færið inngjafarstöngina í ÓTENGDA stöðu.
4. Togið öryggisstöngina að handfanginu og ýtið handfanginu nógu langt niður til að skurðarhjólið lyftist frá jörðu.
5. Togið létt í gangsetningarsnúruna þar til vart verður við viðnám og togið svo snögg í hana ([Mynd 8](#)). Sleppið gangsetningarsnúrunni rólega á sinn stað.
6. Eftir að vélin er komin í gang skal færa innsogið hægt í SLÖKKTA stöðu. Ef vélin byrjar að hiksta skal færa innsogið aftur í KVEIKTA stöðu þar til vélin hefur náð að hitna. Að því loknu skal færa það aftur í SLÖKKTA stöðu.

Drepið á aflvélinni

1. Færið inngjöfina í ÓTENGDA stöðu.

Ath.: Ef vélin hefur unnið undir miklu álagi eða er heit skal láta hana ganga í eina mínútu áður en öryggisstönginni er sleppt. Þannig nær vélin að kólna áður en drepið er á henni. Í neyðartilvikum er hægt að drepa tafarlaust á vélinni.


2. Sleppið öryggisstönginni til að drepa á vélinni.
3. Færið eldsneytislokann í LOKAÐA stöðu, alveg til vinstri.




G024547
g024547

Mynd 9

1. Snúningspunktur
 2. Snúningspunktur þegar stöðuhemillinn er á
3. Færið vinnuvélina að stubbum og setjið stöðuhemilinn á.
 4. Færið inngjöfina í TENGDA stöðu. Skurðarhjólið byrjar að snúast.
 5. Færið skurðarhjólið til hliðar (Mynd 9) og látið það svo síga um 1 til 2,5 cm ofan í fremra hornið ofan á stubbinum.



g024062



g024062

Mynd 10

6. Sveifið skurðarhjólinu til hliðanna sitt á hvað og látið það síga um 1 til 2,5 cm í hvert skipti áður en skurðarhjólið er fært, þar til búið er að

Stubbur tættur

⚠ HÆTTA

Vinnuvélin getur valdið aflimun.

- Klæðist alltaf öryggisskóm með skrikvörn.
- Haldið vinnustöðu á meðan unnið er með vinnuvélinni og haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu.
- Haldið öllum nærstöddum í öruggri fjarlægð frá vinnuvélinni.
- Stöðvið vinnuvélina umsvifalaust ef fólk eða dýr koma inn á vinnusvæðið.

⚠ VIÐVÖRUN

Þegar stubbar eru tættir skjótast viðarspænar, jarðvegur og önnur óhreinindi út í loftið, sem aftur getur meitt þig eða nærstadda.

- Notið ávallt hlífðargleraugu og klæðist buxum með síðum skálmum við notkun tætarans.
- Haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð frá tætaranum.

⚠ VIÐVÖRUN

Tætarinn myndar mikinn hávaða þegar stubbar eru tættir. Þessi hávaði getur valdið heyrnarskaða.

Notið ávallt heyrnarhlífar við notkun tætarans.

1. Stillið inngjöfina á ÓTENGDA stöðu, gangsetjið vélina og gefið vinnuvélinni tvær mínútur til að hitna.
2. Ýtið handfanginu nógu langt niður til að skurðarhjólið lyftist frá jörðu (Mynd 9).

tæta fremri hluta stubbsins niður að yfirborði jarðvegarins (A til D á [Mynd 10](#)).


7. Lyftið skurðarhjólinu, takið stöðuhemilinn af og færið vinnuvélina nokkra sentimetra áfram. Setjið stöðuhemilinn á.
8. Endurtakið skref [5](#) og [7](#) þar til búið er að fjarlægja allan stubbinn (E til H á [Mynd 10](#)).
9. Setjið inngjöfina í ÓTENGDA stöðu og ýtið handfanginu nógu langt niður til að skurðarhjólið lyftist frá jörðu. Bíðið þar til skurðarhjólið hættir að snúast áður en stöðuhemillinn er tekinn af og vinnuvélin toguð af stubbnum.

Ath.: Ekki láta framenda vinnuvélarinnar snerta jörðina fyrr en skurðarhjólið hefur stöðvast.

10. Drepið á vélinni; sjá [Drepið á aflvélinni \(síða 11\)](#).

Vinnuvélinni lyft

Notið handföngin sem sýnd eru á [Mynd 11](#) til að lyfta vinnuvélinni.



g205090

Mynd 11

1. Handfang (4)

Viðhald

Ath.: Miðað vinstri og hægri hlið vinnuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

Mikilvægt: Hægt er að halla vinnuvélinni aftur á bak eða á hliðina til að hreinsa eða þjónusta hana; þó aðeins tvær mínútur í senn. Ef vinnuvélinni er haldið í þessari stöðu of lengi getur eldsneyti komist í sveifarhúsið og valdið skemmdum á vélinni. Ef þetta gerist skal skipta um olíu á vélinni. Togið því næst í gangsetningarsnúruna til að vélin taki nokkra snúninga áður en vélin er gangsett á ný.

Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir

Tíðni viðhaldsþjónustu	Viðhaldsferli
Eftir fyrstu 20 klukkustundirnar	• Skiptið um smurolíu.
Fyrir hverja notkun eða daglega	• Smyrjið vinnuvélina. • Skoðið loftsíuna (oftar við aurugar eða rykugar aðstæður). • Kannið stöðu smurolíu. • Hreinsið vélarsíuna. • Kannið strekkingu reimarinnar. • Kannið ástand tanna; snúið eða skiptið um tennur sem eru slitnar eða skemmdar og herðið rær á öllum tönnum. • Hreinsið óhreinindi af vinnuvélinni.
Á 50 klukkustunda fresti	• Þjónustið loftsíu
Á 100 klukkustunda fresti	• Skiptið um smurolíu. • Skoðið kertið. • Hreinsið gruggskálina. • Skiptið um reimina.
Á 300 klukkustunda fresti	• Skiptið um kerti.
Á 600 klukkustunda fresti	• Skiptið um loftsíu.
Árlega eða fyrir geymslu	• Skiptið um smurolíu. • Hreinsið gruggskálina.

Mikilvægt: Frekari upplýsingar um viðhaldsferli eru í notandahandbók vélarinnar.

Smurning

Vinnuvélin smurð


Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Gerð smurfeiti: alhliða smurfeiti.

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni og bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
3. Þurrkið af smurkoppunum með tusku.
4. Tengjið smursprautuna við hvern smurkopp fyrir sig.
5. Sprautið smurfeiti í smurkoppina tvo, einn á hvorri skurðarhjólslegu.
6. Dælið feiti í smurkoppina þar til hún sprautast út úr legunum (u.þ.b. 3 dælingar).

Mikilvægt: Dælið smurfeiti rólega og varlega til að koma í veg fyrir skemmdir á legupakkningunum.

7. Þurrkið umframfeiti af smurkoppinum og svæðinu í kringum leguna.



Mynd 12

g024551

Viðhald vélar

Unnið við loftsíuna

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega—Skoðið loftsíuna (oftar við aurugar eða rykugar aðstæður).


Á 50 klukkustunda fresti/Á þriggja mánaða fresti (hvort sem verður á undan)—Þjónustið loftsíu

Á 600 klukkustunda fresti/Á tveggja ára fresti (hvort sem verður á undan)—Skiptið um loftsíu.

Loftskiljusían grípur stærstu óhreinindaagnirnar og safnar í ílát. Þegar óhreinindalag hefur myndast á botni ílátsins þarf að þrifa loftskiljuhúsið, loftrásirnar og loftinntakssíuna.

Loftskiljuhúsið þjónustað

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni og bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
3. Fjarlægið skrúfurnar þrjár sem festa loftskiljuhúsið við loftsíuhlífina.
4. Fjarlægið húsið með loftinntakssíunni á og fjarlægið loftrásirnar.



Mynd 13

- | | |
|---------------|---------------------------------------|
| 1. Loftsíulok | 3. Loftrásir |
| 2. Skrúfa | 4. Loftskiljuhúsið með loftinntakssíu |

Ath.: Loftrásirnar mega vera í efri hlutanum eða fylgja með húsinu þegar það er fjarlægt.

5. Hreinsið íhlutina með vatni, hreinsiefni og bursta og þurrkið þá síðan vandlega.
6. Setjið loftrásirnar í loftskiljuhúsið.

7. Setjið loftskiljuhúsið á sinn stað og tryggið að það falli í efri hlutann.


Mikilvægt: Ekki beita afli; stillið það af áður en skrúfurnar eru settar í.

8. Festið loftskiljuhúsið með skrúfunum þremur.

Viðhald loftsíueininga

Svamp- og pappaeiningar fjarlægðar

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni og bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
3. Fjarlægið vængjaróna og lyftið loftsíuhlífinni (Mynd 14).



Mynd 14

- | | |
|----------------|------------------|
| 1. Vængjaró | 4. Pappírseining |
| 2. Loftsíulok | 5. Pinni |
| 3. Svampeining | |

4. Fjarlægið svampeininguna (Mynd 14).
5. Fjarlægið vængjaróna ofan af pappírseiningunni og fjarlægið pappírseininguna (Mynd 14).

Svampeining loftslú þjónustuð

1. Þrifið svampeininguna með mildu hreinsiefni og vatni.
2. Vindið vatnið úr einingunni með hreinum klút.
3. Dýfið í nýja smurolíu.
4. Kreistið umframolíu úr einingunni með þurrum klút.

Pappaeining loftslú þjónustuð

1. Hreinsið pappaeininguna með því að banka rykið varlega af henni. Ef hún er mjög skítug skal skipta um hana ([Mynd 14](#)).
2. Leitið eftir rifum, olíumengun eða skemmdum á gúmmíþétti einingarinnar.
3. Skiptið um pappírseininguna ef hún er skemmd.

Mikilvægt: Ekki þrifa pappírseininguna.

Svamp- og pappaeiningar settar í

1. Setjið pappírseininguna í loftslúhúsið og festið með vængjarónni.
2. Setjið svampeininguna yfir pappírseininguna.
3. Setjið loftslúhlífina á og festið hana með vængjarónni.

Smurolíuvinna

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega—Kannið stöðu smurolíu.

Eftir fyrstu 20 klukkustundirnar—Skiptið um smurolíu.

Á 100 klukkustunda fresti—Skiptið um smurolíu.

Árlega eða fyrir geymslu—Skiptið um smurolíu.


Forskriftir fyrir smurolíu

Ath.: Skiptið oft um olíu þegar unnið er í miklu ryki eða sandi.

Olíugerð: olía með API-flokkun SJ eða hærrí.

Rúmtak sveifarhúss: 1,1 l

Seigja: Sjá töluna hér að neðan.




g013375

g013375


Mynd 15

Smurolíuhæð könnuð

1. Leggið vinnuvélina á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélina og bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
3. Gangið úr skugga um að olíuhæðin sé eins og sýnt er á [Mynd 16](#).



g205123



G035136

g035136


Mynd 16

Skipt um smurolíu


1. Gangsetjið vélina og látið hana ganga í fimm mínútur.

Ath.: Þetta hitar upp olíuna og þannig er auðveldara að tappa henni af.

2. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
4. Skiptið um olíu eins og sýnt er á (Mynd 17).



g205123




G031623

g031623

Mynd 17

5. Hellið rólega um 80% af ráðlögðu magni smurolíunnar í áfyllingarrörið og bætið svo rólega við þar til hún hefur náð merkinu fyrir **fullan** geymi (Mynd 18).




Mynd 18


g206640

Kertið fjarlæggt

1. Leggjið vinnuvélina á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni, bíðið eftir að allir hlutar á hreyfingu stöðvist og leyfið vélinni að kólna.
3. Fjarlægið kertin ([Mynd 19](#)).



g205129



g027478

g027478

Mynd 19

6. Fargið notuðu olfunni á endurvinnslustöð.

Viðhald kertis

Viðhaldstími: Á 100 klukkustunda fresti—Skoðið kertið.

Á 300 klukkustunda fresti—Skiptið um kerti.

Tryggið að bilið á milli miðjunnar og hliðarrafskauta sé rétt áður en kertið er sett í. Notið kertalykil til að skrúfa kertið í og úr og kertabilsverkfæri/föler til að kanna og stilla bilið. Setjið nýtt kerti í, ef með þarf.

Gerð: BPR6ES (NKG) eða samsvarandi


Loftbil: 0,70 til 0,80 mm

Kertið skoðað

Mikilvægt: Ekki þrífa kertin. Skiptið alltaf um kerti ef það er: þakið svörtum óhreinindum, með slitin rafskaut, olíuborið eða sprungið.

Ef brúnn eða grár litur sést á einangruninni vinnur vélin rétt. Svört húð á einangruninni gefur yfirleitt til kynna að loftsían sé skítug.

Stillið bilið á 0,70 til 0,80 mm.




g027479

Mynd 20

g027479

Kertið sett í




Mynd 21

g028109

Vélarsían hreinsuð

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Fjarlægjið uppsafnað gras, mold og önnur óhreinindi af síu vélarinnar fyrir hverja notkun. Þetta tryggir viðeigandi kælingu og réttan snúningshraði vélar og dregur úr hættu á ofhitnun og vélrænum skemmdum í vélinni.



Mynd 22

g242388

Viðhald eldsneytiskerfis


Gruggskál hreinsuð

Viðhaldstími: Á 100 klukkustunda fresti

Árlega eða fyrir geymslu

Gruggskálin undir eldsneytislokanum á að fanga óhreinindi í eldsneytinu.

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni og bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
3. Færið eldsneytislokann í SLÖKKTA stöðu, alveg til vinstri.
4. Losið gruggskálina ([Mynd 23](#)).



Mynd 23

g014507

1. Gruggskál
2. O-hringur

5. Hreinsið safnskálina og o-hringinn með hreinsiefni og þurrkið vandlega.

Ath.: Gætið þess að o-hringurinn tynist ekki.

6. Setjið o-hringinn í gróp skálarinnar og setjið gruggskálina aftur á.
7. Snúið eldsneytislokanum á KVEIKTA stöðu, alveg til hægri, og leitið eftir leka.

Ath.: Ef leki er til staðar þarf að skipta um o-hringinn.

Viðhald hemla

Stöðuhemillinn stilltur

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni og bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
3. Losið stilliskrúfuna á hlið hemlastangarhnúðsins. Snúið hnúðnum réttisælis til að herða hemilinn; snúið hnúðnum rangsælis til að losa hemilinn.

Ath.: Vinstra hjólið á að læsast fast þegar þú hemillinn er settur á.

4. Herðið stilliskrúfuna.

Viðhald reimar


Strekking reimar stillt

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Ath.: Skoðið reimina í gegnum opið ofan á reimarhlífinni. Stillið eftir þörfum.

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni og bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
3. Losið boltana tvo sem festa reimarhlífina við vinnuvélina þar til hægt er að fjarlægja reimarhlífina ([Mynd 24](#)).

Ath.: Boltar og skinnur eru föst við reimarhlífina.




g205161

Mynd 24

- | | |
|---------------|------------------------|
| 1. Reimarhlíf | 2. Bolti og skinna (2) |
|---------------|------------------------|

4. Fjarlægið reimarhlífina ([Mynd 24](#)).
5. Losið fjóra festibolta vélarplötunnar og boltana tvo sem festa aftari hluta reimarhlífarinnar við vélina ([Mynd 25](#) og [Mynd 26](#)).




g242386

Mynd 25

1. Bolti


6. Losið strekkibolta reimarinnar og festiróna. Rennið vélinni að kasthjólshúsinu til að losa reimina ([Mynd 26](#)).



Mynd 26

1. Strekkibolti og festiró 2. Festibolti vélarplötu

7. Stillið strekkingu reimarinnar með því að herða strekkiboltann og festiróna gagnvart vélarfestiplötunni til að ýta vélinni aftur.
8. Leggið réttskeið yfir tengslin og kasthólstrissurnar. Strekkið reimina þannig að hægt sé að sveigja hana um 10 mm þegar ýtt er á hana með 6,8 kg þrýstingi á miðjuna (þegar verið er að stilla notaða reim) eða 8 kg þrýstingi þegar verið er að setja upp nýja reim ([Mynd 27](#)).



Mynd 27

1. Réttskeið 2. 1 cm sveigja

9. Tryggið að trissurnar séu stilltar af og að vélín sé samhliða grindinni (vísi ekki að hliðinni), herðið því næst fjóra festibolta vélarplötunnar og boltana fjóra sem festa aftari hluta reimarhlífarinnar við vélina.
10. Setjið reimarhlífina á og herðið boltana ([Mynd 24](#)).

Ath.: Skipti um reimina ef hún sýnir merki um slit, sprungur, gljáa eða skemmdir.

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni og bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
3. Losið boltana sem festa reimarhlífina við vinnuvélina þar til hægt er að taka hlífina af.
4. Fjarlægið reimarhlífina ([Mynd 24](#)).
5. Losið fjóra festibolta vélarplötunnar og boltana tvo sem festa aftari hluta reimarhlífarinnar við vélina ([Mynd 25](#) og [Mynd 26](#)).
6. Losið strekkibolta og festiró reimarinnar og rennið vélinni að kasthjólshúsinu til að losa reimina ([Mynd 26](#)).
7. Skiptið um reimina.
8. Stillið strekkingu nýju reimarinnar í 8 kg átak og 10 mm sveigju í miðjunni; sjá [Strekking reimar stillt \(síða 19\)](#).
9. Herðið fjóra festibolta vélarplötunnar og boltana fjóra sem festa aftari hluta reimarhlífarinnar við vélina.
10. Setjið reimarhlífina á og festið hana með skinnunum og boltunum sem tekin voru af henni.

Skipt um reim


Viðhaldstími: Á 100 klukkustunda fresti

Viðhald tætara

Skipt um tönn

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega—Kannið ástand tanna; snúið eða skiptið um tennur sem eru slitnar eða skemmdar og herðið rær á öllum tönnum.


Vegna þess hve tennur slitna hratt þarf að snúa þeim eða skipta um þær reglulega ([Mynd 28](#)). Áður en tönn er snúið eða henni er skipt út skal skoða allar tannafestingarnar á hjólinu, þar á meðal flötinn sem kemur í veg fyrir að tennurnar snúist. Ef tannfesting er skemmd þarf að skipta um hjólið. Herðið rær í 68 Nm fyrir allar tennur sem ekki þarf að snúa eða skipta um.



Mynd 28

1. Hvöss tönn

2. Slitin tönn



Mynd 29

1. Tönn

2. Tannfesting

3. Skinna

4. Ró

5. Flötur

Hver tönn er með þrjár innfellingar sem þýðir að hægt er að snúa þeim tvisvar til að nota nýja egg áður en skipta þarf um tönn. Tönn er snúið með því að losa róna sem heldur tönninni fastri ([Mynd 29](#)). Ýtið tönninni fram og snúið henni $\frac{1}{2}$ úr hring til að fá upp ónotaða egg. Herðið festiró tannarinnar í 68 Nm.

Skipt er um tönn með því að fjarlægja festiró tannarinnar og setja síðan nýja tönn, skinnu og ró á sama stað ([Mynd 29](#)). Herðið festiró tannarinnar í 68 Nm.

Þrif

Óhreinindi hreinsuð af vinnuvélinni

Reglubundin hreinsun og þrif lengja endingu vinnuvélarinnar. Þrífið vinnuvélina strax eftir notkun, áður en óhreinindin harðna.

Fyrir þrif skal ganga úr skugga um að eldsneytislokið sé tryggilega fest til að ekki sé hætt á að vatn komist í geyminn.

Sýnið aðgát við notkun háprýstibúnaðar þar sem hann getur skemmt öryggismerkingar, leiðbeiningarmerki og vélina

Mikilvægt: Smyrjið skurðarhjólslægurnar eftir þrif.

Geymsla

Við geymslu í meira en 30 daga skal undirbúa vinnuvélina á eftirfarandi máta:

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu og setjið stöðuhemilinn á.
2. Drepið á vélinni og bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
3. Fjarlægið óhreinindi af ytri íhlutum búnaðarins, sérstaklega vélinni. Hreinsið óhreinindi og viðarspæni utan af fönum á strokkloki vélarinnar og húsi blásarans.

Mikilvægt: Vélina má þrífa með mildu hreinsiefni og vatni.

4. Við geymslu í meira en 30 daga skal undirbúa vinnuvélina á eftirfarandi máta:
 - A. Bætið varðveisluefni/bætiefni fyrir eldsneyti við nýtt eldsneyti í geyminum. Fylgið leiðbeiningum um blöndun frá framleiðanda varðveisluefnisins. Ekki nota alkóhólblönduð varðveisluefni (etanól eða metanól).
 - B. Látið vélina ganga til að dreifa meðhöndluðu eldsneyti í gegnum eldsneytiskerfið í fimm mínútur.
 - C. Drepið á vélinni, bíðið þar til hún kólnar og tappið af eldsneytisgeyminum með dælu.
 - D. Gangsetjið vélina og látið hana ganga þar til hún drepur á sér.
 - E. Setjið innsogið á.
 - F. Gangsetjið vélina og látið hana ganga þar til ekki er hægt að gangsetja hana aftur.
 - G. Fargið eldsneyti á viðeigandi máta. Endurvinnið það í samræmi við staðbundnum kröfum.

Mikilvægt: Ekki geyma eldsneyti sem inniheldur varðveisluefni/bætiefni lengur en framleiðandi eldsneytisvarðveisluefnisins mælir með.

5. Hreinsið gruggskálina; frekari upplýsingar eru í [Gruggskál hreinsuð \(síða 18\)](#).
6. Skiptið um loftsíuna; frekari upplýsingar eru í [Unnið við loftsíuna \(síða 14\)](#).
7. Skiptið um smurolíu; frekari upplýsingar eru í [Skipt um smurolíu \(síða 16\)](#).
8. Fjarlægið kertið og kannið ástand þess; frekari upplýsingar eru í [Viðhald kertis \(síða 17\)](#).
9. Eftir að kertið hefur verið tekið úr vélinni skal hella tveimur matskeiðum af smurolíu í kertagatið.

10. Togið rólega í gangsetningarsnúruna til að snúa vélinni og dreifa olíunni um strokkinn.
11. Setjið kertið í en ekki tengja vírinn við kertið.
12. Smyrjið legur skurðarhjólsins; frekari upplýsingar eru í [Vinnuvélin smurð \(síða 13\)](#).
13. Skoðið og herðið alla bolta, rær og skrúfur. Gerið við eða skiptið um skemmda hluta.
14. Lakkið yfir rispaða eða óvarða málmfleti. Lakk fæst hjá næsta viðurkennda þjónustu- og söluaðila.
15. Geymið vinnuvélina í hreinni, þurri vélageymslu eða geymslusvæði.
16. Breiðið yfir vinnuvélina til að verja hana og halda henni hreinni.

Bilanaleit

Vandamál	Möguleg orsök	Aðgerð til úrbóta
Vélin fer ekki í gang.	- Öryggisstöngin er í SLÖKKTRI stöðu. - Ef viðkomandi gerð tæta er með vél með rofa er rofinn í SLÖKKTRI stöðu. - Afsláttarloki eldsneytis er lokaður. - Innsogið er opið. - Eldsneytisgeymirinn er tómur. - Kertavírinn er laus eða aftengdur.	- Togið öryggisstöngina að handfanginu. - Færið rofann í KVEIKTA stöðu. - Opnið afsláttarloka eldsneytis. - Lokið innsoginu fyrir gangsetningu kaldrar vélar. - Fyllið á geyminn með nýju eldsneyti. - Kannið bilið við rafskautið og hreinsið eða skiptið um kertið.
Vélin höktir.	- Innsogið er lokað. - Loftsían er stífluð. - Eldsneytisleiðslan er stífluð. - Vatn eða óhreinindi hafa komist í eldsneytið. - Kertin eru slitin eða rafskautin skítug.	- Opnið innsogið. - Hreinsið eða skiptið um loftsíuna. - Hreinsið gruggskálina. - Tappið af eldsneytisgeyminum og fyllið á hann með nýju eldsneyti. - Kannið bilið við rafskautið og hreinsið eða skiptið um kertið.
Reimin skrikar eða fellur af trissunum.	Reimin er ekki nægilega strekkt.	Stillið strekkingu reimarinnar. Minnkið skurðardýptina.
Skurðarhjólið snýst ekki.	- Snúningshraði vélarinnar er ekki nógu mikill til að knýja miðflóttakúplinguna. - Reimin er ekki nægilega strekkt. - Klossar kúplingarinnar eru slitnir.	- Færið inngjöfina í TENGDA stöðu. - Stillið strekkingu reimarinnar. - Skiptið um kúplinguna.
Skurðarhjólið heldur áfram að snúast.	- Snúningshraði vélarinnar er of mikill. - Reimin er dottin af trissunum eða biluð. - Gormar kúplingarinnar eru slappir eða bilaðir.	- Færið inngjöfina í ÓTENGDA stöðu. - Skiptið um reimina. - Skiptið um kúplinguna.
Stöðuhemillinn heldur ekki.	- Stöðuhemillinn er vanstilltur. - Hemlaklossarnir eru slitnir.	- Stillið stöðuhemilinn. - Skiptið um hemilinn.

Athugasemdir:

Athugasemdir:

Persónuverndaryfirlýsing fyrir Evrópu

Upplýsingarnar sem Toro safnar

Toro Warranty Company (Toro) leggur áherslu á persónuvernd þína. Til að geta afgreitt ábyrgðarkröfur viðskiptavina og haft samband við þá vegna innköllunar vöru óskum við eftir því að viðskiptavinir okkar deili með okkur tilteknum persónuupplýsingum, annaðhvort beint eða í gegnum næsta útibú eða söluaðila Toro.

Ábyrgðarkerfi Toro er vistað á netþjónum utan Bandaríkjanna þar sem persónuverndarlög kunna að vera slakari en í landi viðskiptavinarins.

ÞEGAR VIÐSKIPTAVINUR DEILIR PERSÓNUUPPLÝSINGUM MEÐ OKKUR SAMÞYKKIR VIÐKOMANDI VINNSLU ÞEIRRA EINS OG HENNI ER LYST Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU.

Hvernig Toro notar upplýsingar

Toro kann að nota persónuupplýsingar viðskiptavinar til að vinna ábyrgðarkröfur, hafa samband við viðkomandi vegna innköllunar vöru og á annan hátt sem við tilgreinum nánar fyrir viðskiptavini. Toro kann að deila upplýsingum viðskiptavina með hlutdeildarfélögum Toro, söluaðilum eða öðrum samstarfsaðilum í tengslum við þetta. Við munum aldrei selja persónuupplýsingar viðskiptavina öðru fyrirtæki. Við áskiljum okkur rétt til að birta persónuupplýsingar til að fara eftir viðeigandi lögum og í tengslum við beiðnir viðeigandi yfirvalda, til að tryggja að kerfin okkar virki rétt eða til að verja okkur eða aðra notendur.

Geymsla persónuupplýsinga

Við geymum persónuupplýsingar viðskiptavina eins lengi og við þurfum í þeim tilgangi sem þeim var fyrst aflað fyrir eða af öðrum lagalegum ástæðum (svo sem reglufylgni) eða eins og krafist er samkvæmt lögum.

Áhersla Toro á öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina

Við grípum til viðeigandi ráðstafana til að verja öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina. Við grípum einnig til ráðstafana til að tryggja nákvæmni og rétta stöðu persónuupplýsinga.

Aðgangur að og leiðrétting á persónuupplýsingum

Ef viðskiptavinur vill fara yfir eða leiðrétta persónuupplýsingar sínar skal viðkomandi hafa samband við okkur í gegnum netfangið legal@toro.com.

Áströlsk neytendalöggjöf

Viðskiptavinir í Ástralíu geta fundið upplýsingar sem tengjast ástralskri neytendalöggjöf annaðhvort í umbúðunum eða hjá næsta söluaðila Toro.

Upplýsingar um viðvörun vegna tillögu 65 í Kaliforníu (California Proposition 65)

Hvaða viðvörun er þetta?

Mögulega sérðu vöru til sölu með viðvörunarmerkingu á borð við eftirfarandi:



VIÐVÖRUN: Hætta á krabbameini og skaða á æxlunarfærum –
www.p65Warnings.ca.gov.

Hvað er tillaga 65?

Tillaga 65 nær til allra fyrirtækja sem starfa í Kaliforníu, selja vörur í Kaliforníu eða framleiða vörur sem kunna að vera seldar eða keyptar í Kaliforníu. Samkvæmt henni skal ríkisstjóri Kaliforníu viðhalda og birta lista yfir íðefni sem vitað er að valdi krabbameini, fæðingargöllum og/eða öðrum æxlunarskaða. Listinn er uppfærður árlega og inniheldur hundruð íðefna sem finna má í mörgum hversdagslegum hlutum. Tilgangur tillögu 65 er að upplýsa almenning um váhrif þessara íðefna.

Tillaga 65 bannar ekki sölu vara sem innihalda þessi íðefni en krefst þess í stað að viðvaranir séu settar á vörur, vöruumbúðir eða fylgiskjöl viðkomandi vara. Enn fremur gefur viðvörun á grunni tillögu 65 ekki til kynna að vara brjóti gegn öryggisstöðlum eða -kröfum vara. Yfirvöld Kaliforníu hafa í raun útskýrt að viðvörun á grunni tillögu 65 jafngildi ekki ákvörðun á grunni reglugerða um hvort vara er „örugg“ eða „öörugg“. Mörg þessara íðefna hafa verið notuð í hversdagslegum vörum um árabíl án skráðs skaða. Frekari upplýsingar er að finna á <https://oag.ca.gov/prop65/faqs-view-all>.

Viðvörun á grunni tillögu 65 þýðir að fyrirtæki hefur annaðhvort (1) metið váhrifin og komist að þeirri niðurstöðu að hættustig sé hverfandi; eða (2) hefur valið að birta viðvörunina vegna þess að íðefni af listanum er til staðar án þess að váhrifin hafi verið metin.

Gilda þessi lög alls staðar?

Viðvaranir á grunni tillögu 65 eru eingöngu áskildar samkvæmt lögum Kaliforníu. Þessar viðvaranir er að finna víðs vegar um Kaliforníu, í mismunandi samhengi, þar á meðal en ekki takmarkað við á veitingastöðum, kjörbúðum, hótélum, skólum og spítölum og á ýmis konar vörum. Við þetta bætist að sumar netverslanir og vörulistaverslanir birta viðvaranir á grunni tillögu 65 á vefsvæðum sínum og í vörulistum.

Hvernig standa viðvaranir Kaliforníu í samanburði við mörk í landslögum?

Staðlar tillögu 65 eru oft mun strangari en í landslögum og alþjóðlegum stöðlum. Ýmis efni krefjast viðvörunar á grunni tillögu 65 í mun minni styrk en krafist er samkvæmt bandarískum landslögum. Til dæmis eru mörk tillögu 65 fyrir viðvörun vegna blýs 0,5 µg/dag, sem er mun lægra en samkvæmt bandarískum landslögum og alþjóðlegum stöðlum.

Af hverju bera ekki allar sambærilegar vörur viðvörunina?

- Vörur sem seldar eru í Kaliforníu þarf að merkja samkvæmt tillögu 65 á meðan ekki þarf að merkja sambærilegar vörur sem seldar eru annars staðar.
- Fyrirtæki sem nær samkomulagi vegna málsóknar á grunni tillögu 65 þarf mögulega að merkja vörur sínar með viðvörunum á grunni tillögu 65 en önnur fyrirtæki sem framleiða samsvarandi vörur þurfa þess ekki.
- Ekki er samræmi í því hvernig tillögu 65 er framfylgt.
- Fyrirtæki kunna að sleppa því að nota þessar viðvaranir vegna þess að viðkomandi fyrirtæki telja sig ekki þurfa þess samkvæmt tillögu 65; það að vara sé ekki með viðvörun merkir ekki að viðkomandi vara sé án þeirra íðefna og í þeim styrk sem listinn segir til um.

Af hverju notar Toro þessa viðvörun?

Toro hefur kosið að veita neytendum eins miklar upplýsingar og hægt er til að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um vöurnar sem þeir kaupa og nota. Toro notar þessar viðvaranir í tilteknum tilvikum vegna þess að það veit af tilvist eins eða fleiri skráðra íðefna án þess að leggja mat á váhrif, þar sem ekki fylgja öllum skráðum íðefnum upplýsingar um váhrifamörk. Þótt váhrif af völdum vara frá Toro kunni að vera hverfandi eða langt innan þeirra marka sem segja til um hverfandi hættu hefur Toro ákveðið að kjósa frekar meiri aðgát en minni og valið að nota viðvaranir á grunni tillögu 65. Enn fremur skal hafa í huga að ef Toro birtir ekki þessar viðvaranir kann það að verða lögsótt af Kaliforníuríki eða einkaaðilum sem framfylgja vilja tillögu 65 og gert að greiða umtalsverðar sektir.